

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2019, mánudaginn 16. desember kl. 13:00 var haldinn 283. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Stöðvarstjóraráhúsinu í Elliðaárdal.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, sem tók þátt í hluta fundarins og um síma, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig sátu fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri og Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 282 og fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur Eigna dags. 25.11.2019 samþykktar og undirritaðar.
2. Klukkan 13:10 mætti til fundarins Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar. Ingvar lagði fram og kynnti áhættuskýrslu, dags. 11. desember 2019. Umræður.

Klukkan 13:20 mættu til fundarins Grettir Adolf Haraldsson verkefnisstjóri, Ólafur Hersisson og Ögmundur Skarphéðinsson, hönnuðir, Kenneth Breiðfjörð, forstöðumaður innkaupa, Magnús Már Einarsson forstöðumaður aðbúnaðar og Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og menningar, og Eiríkur K. Þorbjörnsson, hönnuður frá Verkís og kynntu fyrirhugaða endurbyggingu Vesturhúss að Bæjarhálsi 1. Forstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu um endurbyggingu Vesturhúss að Bæjarhálsi 1. Tillöggunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fela forstjóra að bjóða út endurbyggingu Vesturhúss að Bæjarhálsi 1 á grundvelli kostnaðaráætlunar hönnuða verkefnisins. Stjórn felur forstjóra jafnframt að ganga til samninga við verktaka um að ráðast í framkvæmd verksins svo fremi að hagstæðasta tilboð sem berst uppfylli gæðakröfur hönnuða til nýs byggingarefnis og sé ekki hærra en kostnaðaráætlun hönnuða.

Samþykkt samhljóða.

Hildur Björnsdóttir og Eyþór Laxdal Arnalds óska bókað:

Við lýsum yfir áhyggjum af hækkandi kostnaði við höfuðstöðvar OR. Enn er ekki ljóst hvað fór úrskeiðis né heldur hvað nákvæmlega olli þeim gríðarlegu skemmdum á húsnæðinu sem raun ber vitni. Eins liggur endanlegur kostnaður ekki fyrir.

Lögð fram samantekt vegna fyrirspurnar um viðhaldskostnað húsnæðis að Bæjarhálsi 1, dags. 16.12.2019.

Kynnt greining á innivist í Austurhúsi að Bæjarhálsi 1.

3. Hallur Símonarson, innri endurskoðandi og Anna Margrét Jóhannesdóttir mættu til fundarins kl. 14:00 og kynntu tillögu að samkomulagi um tímabundna vinnu við innri endurskoðun hjá OR. Þau kynntu einnig helstu verkefni og ábyrgð innri endurskoðanda. Samþykkt að fela formanni að vinna tillögu að samkomulagi á grundvelli framlagðra draga.

Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom of the page, including a large signature on the left, several smaller ones in the middle, and the initials 'BD' and 'ED' on the right.

4. Jakob Sigurður Friðriksson mætti til fundarins kl.14:20 og kynnti stöðu áforma við endurræingu Elliðaárstöðvar. Breytingar á forsendum gera það að verkum að ekki er talið réttlætandi að ráðast í framkvæmdir að svo stöddu.
5. Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna mætti til fundarins kl.14:30 og kynnti fyrirhugaðar breytingar á afsláttarkjörum í gjaldskrá hitaveitu Veitna. Ákveðið hefur verið að fresta breytingunum um allt að eitt ár eða til 1. janúar 2021.

Gestur gerði einnig grein fyrir þeim áhrifum sem óveðrið þann 10. desember sl. hafði á rekstur á veitusvæðum Veitna.

Klukkan 15:00 lauk Eyþór Laxdal Arnalds þátttöku í fundinum.


6. Víðir Ragnarsson mætti til fundarins kl. 15:00 og kynnti kjarasamninga við iðnaðarmannafélög; Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands og Félag vélstjóra og málmæknimanna. Samningarnir eru byggðir á svokölluðum lífskjarasamningum.
7. Lögð fram og kynnt viljayfirlýsing um sölu á eignarhlut í Landsneti. Samþykkt að fresta afgreiðslu viljayfirlýsingarinnar og fela forstjóra að afla frekari upplýsinga.
8. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða og um stöðu forðagæslu dags. 12. desember 2019.
9. Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2020. Starfsáætlunin samþykkt samhljóða.
10. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína, dags. 13. desember 2019 um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.
11. Önnur mál.
 - Lögð fram greinargerð um vatnsveitu í Grábrók.
 - Lagt fram minnisblað Lex, dags. 12. desember 2019, varðandi hugverkaréttindi sem tengjast CarbFix verkefninu, sem óskað var eftir á SF284.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:55.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 27. janúar 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.



The image shows several handwritten signatures in blue ink, corresponding to the names listed above. The signatures are arranged in two columns. The first column contains three signatures, and the second column contains four signatures. The signatures are written in a cursive style.